



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

29. ágúst 2019 – Pistill nr. 58

Kæru Mývetningar nær og fjær. Þá er komið að fyrsta pistli eftir sumarfrí sveitarstjórnar. Sumarið hefur verið viðburðarríkt og skemmtilegt, mikið um að vera þegar kemur að menningarviðburðum og hér hefur verið gestkvæmt að vanda. Ferðapjónustan hér í sveit ber sig ágætlega þrátt fyrir að ferðamönnum hafi fækkað, enda hefur Mývatnssveit mikið aðdráttarafl.

Fram undan er skemmtilegur vetur með fjölbreyttum verkefnum á vegum sveitarfélagsins og þeirra fjölmörgu félagasamtaka og fyrirtækja sem hér eru. Á sunnudaginn er réttardagur og þá hefjast Lýðheilsugöngur í næstu viku. Síðan rekur hver viðburðurinn annan.



Frá skólasetningu Reykjahlíðarskóla síðasta miðvikudag. Í vetur verða 40 nemendur í skólanum sem er 22% fjölgun á milli ára. Vel hefur gengið að ráða starfsfólk. Áfram er boðið upp á ókeypis skólamáltíðir, frístund er einnig í boði sveitarfélagsins sem og ritföng.

Sameiginleg umsögn vegna sameiningarmála

Á fundi sveitarstjórnar í gær var samþykkt sameiginleg umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun

ríkisins í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.

Umsögnin er eftirfarandi:

„Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hafa þegar tekið ákvörðun um og hafið viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Samstarfsnefnd sveitarfélaganna er að störfum og stefnt er að atkvæðagreiðslu á vormánuðum ársins 2021. Vinnuheiti verkefnisins er Þingeyingur, sem er vísun til þess sem sameinar íbúa sveitarfélaganna. Verkefnið Þingeyingur er í fullu samræmi við þá framtíðarsýn sem sett er fram í þingsályktunartillögunni. Að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið. Verkefnið byggir á þeirri sýn sveitarstjórnanna að framtíð samfélagsins byggji á aukinni sjálfbærni stjórnsýslu, samfélags, atvinnulífs og í umhverfismálum.

Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar lýsa sig mótfallnar lögpvinguðum sameiningum sveitarfélaga og benda á að þær samræmast ekki markmiðum þingsályktunartillögunnar um að bæta aðkomu almennings að ákvarðanatöku og stefnumótun á sveitarstjórnarstigi. Sveitarstjórnirnar hafa því tekið af skarið og ákveðið að bjóða íbúum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að greiða atkvæði um sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Sveitarfélögin eru nú þegar bæði undir skuldaviðmiði því sem markmið eru sett um í tillögu ráðherra. Að óbreyttu fengju því sveitarfélögin lítinn

stuðning úr Jöfnunarsjóði, verði sameiningin samþykkt. Sveitarstjórnirnar fara fram á að sveitarfélög sem þegar uppfylla skilyrði hljóti umbun með einhverjum hætti.

Með sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar yrði til samfélag sem nær yfir um 12% af öllu landi á Íslandi, með yfir 1400 íbúa og mikla sérstöðu á sviði náttúruverndar og auðlindanýtingar og mikla möguleika á atvinnusköpun sem byggist á sjálfbærni. Þessa möguleika hafa sveitarstjórnirnar hug á að nýta og hafa hrint úr vör verkefni undir heitinu „Nýsköpun í norðri“ sem ætlað er að skapa víðtæka sátt um sjálfbæra stefnu á meðal íbúa og atvinnulífs. Ætlun sveitarfélaganna tveggja er að vinna að verkefninu í nánú samstarfi við íbúa og hagsmunaaðila, þ.á.m. Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Matís og aðrar ríkisstofnanir sem hlut eiga að máli. Verkefnið er kjörinn vettvangur til að raungera markmið um að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni t.d. í umhverfis-, orku- og matvælaumsýslu ríkisins og styrkja atvinnugrundvöll í nýsameinuðum sveitarfélögum, eins og kveðið er á um í lið 11 í aðgerðaáætluninni.

Í lið 1 í Aðgerðaáætlun 2019-2023 um stærð sveitarfélaga er sett fram markmið um að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni með því að lágmarksíbúafjöldi verði 250 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2022, en 1.000 frá almennum sveitarstjórnarkosningum árið 2026. Verði sameining sveitarfélaganna samþykkt er markmiðunum náð. Þessu markmiði til stuðnings eru í lið 2 sett markmið um aukinn fjárhagslegan stuðning við sameiningar sveitarfélaga, meðal annars með breyttum úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar benda á mikilvægi þess að við setningu nýrra reglna verði horfið frá þeirri ofuráherslu sem verið hefur á jöfnun skulda við úthlutun fjármagns til sameiningarverkefna og horft til þess í meira mæli að fjármagni sé veitt til þróunarverkefna sem styðja við framtíðarsýn

stefnunnar um öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Markmið um sjálfbærni félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þátta samfélagsins og um að þróa aðferðir, verklag og leiðir til að hagnýta stafrænar lausnir sem gera íbúum kleift að taka þátt í ákvarðanatöku og stefnumótun fyrir nærsamfélagið verður ekki náð nema til komi sérstakur stuðningur.

Sú áhersla sem verið hefur á skuldajöfnun virðist byggð á þeirri hugsun að sameining sveitarfélaga sé neyðarlausn fyrir skuldsett sveitarfélög, sem sveitarstjórnunum þykir röng og ósanngjörn gagnvart sveitarfélögum sem hafa gætt aðhalds í rekstri og greitt niður skuldir.

Sveitarstjórnirnar benda jafnframt á að mikilvægt er að aukinn stuðningur við sameiningar verði fjármagnaður með nýjum tekjustofnum til handa Jöfnunarsjóði sveitarfélaga svo hann komi ekki niður á þeirri þjónustu sem núverandi tekjur hans eiga að standa undir."



Siguróli með fótboltakrakkana í Mývatnssveit í sumar. Notast var við battavöll og fengu allir bolta og fleira að gjöf frá KSÍ.

KSÍ heimsótti Mývatnssveit

Í sumar stóð KSÍ fyrir grasrótarverkefninu *Komdu í fótbolta*. Akureyringurinn Siguróli Kristjánsson heimsótti minni sveitarfélög um land allt. Mývatnssveit var fyrsti viðkomustaðurinn og setti Siguróli upp skemmtilegar og fjölbreyttar fótboltabúðir til að efla áhuga iðkenda og styðja við bakið á knattspyrnustarfinu á staðnum. Átta krakkar

mættu ásamt þjálfara og foreldrum og voru krakkarnir leystir út með gjöfum. Ríkti mikil ánægja með þetta framtak KSÍ. Fótboltaæfingar verða á vegum Mývetnings í vetur vonandi hefur þessi heimsókn KSÍ eftt áhuga þeirra sem mættu.

Sameiginlegur starfsmannadagur 12. september – Stofnanir lokaðar þann dag

Vegna sameiginlegs starfsmannadags hjá Skútustaðahreppi fimmtudaginn 12. september verða allar stofnanir lokaðar þann dag, þ.e. hreppsskrifstofa, Reykjahlíðarskóli, Leikskólinn Ylur, áhaldahúsið og íþróttamiðstöðin en hún opnar reyndar kl. 16 og er opin allan daginn fyrir þá sem eru með Lykilkort.



Tvö ný radhús í Klappahraun með 8 íbúðum eru að verða tilbúin en verktakinn Húsheild ehf. stendur fyrir þessari framkvæmd. Annað radhúsið er byggt fyrir Fosshótel og hitt fyrir sveitarfélagið og einn einstakling. Þetta verður jafnframt fyrsta gata sinnar tegundar með nýja fráveitulausn.

Þarf hótél sem búið er að reka í þrjú ár að fara í umhverfismat?

Á fundi sveitarstjórn var tekið fyrir erindi frá Skipulagsstofnun dags. 23. júlí 2019 þar sem óskað er eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum bygging hótels á jörðinni Grímsstaðir skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Það sem er býsna óvenjulegt við þessa beiðni er að hótelið var tekið í notkun 2016 og hefur því verið í fullum rekstri í þrjú ár.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunnar dags. 2.11.2016 var umrædd framkvæmd ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum. Landvernd kærði þá niðurstöðu og með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og

auðlindamála (UUA) dags. 06.07.2017, var matsskylduákvörðun felld úr gildi og Skipulagsstofnun gert að taka málið fyrir á ný. Tveimur árum síðar er sveitarfélagið beðið um umsögn um hvort bygging Fosshótels skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Á fundi sveitarstjórnar í gær var bent á að í bókun sveitarstjórnar þann 12. október 2016 kemur m.a. fram að nægjanlega væri gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt kom fram það álit sveitarstjórnar að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögninni kom fram að lögð væri áhersla á að leyfi til reksturs hótelsins yrði ekki gefið út fyrr en sýnt væri fram á að virkni hreinsibúnaðar á fráveitukerfi væri samkvæmt hönnunarforsendum og lögð yrði fram áætlun um reglubundna vöktun búnaðarins.

Þá liggur fyrir að hinar tilkynntu framkvæmdir hafa farið fram og hótelið verið í rekstri í um þrjú ár. Tilgreindur úrskurður UUA um ógildingu á fyrri matsskylduákvörðun hvílir í meginatriðum á því að ekki hafi legið fyrir nægjanleg gögn um framkvæmdina, þ.m.t. að ekki hafi verið aflað umsagna frá aðilum með þekkingu á umhverfi Mývatns.

Uppfærð tilkynningarskýrsla dags. 28.05.2019 liggur fyrir og þar er gerð fyllri grein fyrir upplýsingum um náttúrufar, ferðamenn og upplýsingar um fráveitu. Þá fylgja með gögn um mælingar á fráveitu. Í ljósi þess að framkvæmdin hefur farið fram liggur fyrir frekari vitneskja um umhverfisáhrif framkvæmdar, en almennt gildir, og þá sérstaklega upplýsingar um fráveitukerfi framkvæmdarinnar. Jafnframt er tekið fram að frá því fyrri matsskylduákvörðun var til umfjöllunar hefur staða fráveitumála í Skútustaðahreppi verið til sérstakrar skoðunar og forsendur til greiningar á áhrifum einstakra framkvæmda því betri.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar að umfjöllun í tilkynningarskýrslu er fullnægjandi. Þá er ítrekað að byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir framkvæmdinni af hálfu Skútustaðahrepps, en eftir atvikum gæti frekari leyfisveiting sveitarfélagsins

vegna framkvæmdarinnar varðað breytingar á framkvæmdinni ef einhverjar yrðu. Með vísan til gagna málsins og með tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, þar sem fram koma viðmiðanir varðandi mögulega matsskyldu, staðfestir sveitarstjórn samhljóða álit skipulagsnefndar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Stækkun leikskólans gengur vel og verður hann vonandi tilbúinn samkvæmt áætlun um miðjan október. Verður viðbyggingin bylting á aðstöðu fyrir börnin og okkar frábæra starfsfólk.

Sveitarstjórn mótmælir að engin vetrarpjónusta verður á Hólasandsvegi og Dettifossvegi

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað frá fundi fulltrúa sveitarfélagsins með Vegagerðinni 15. ágúst s.l. Einnig var samþykkt eftirfarandi bókun: „Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ítrekar fyrri samþykktir sínar um að gera þarf verulegt átak í að lagfæra héraðsvegi í sveitarfélaginu, í samræmi við Umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps. Þeir eru flestir í mjög slæmu ásigkomulagi. Þó ber að fagna efni sem keyrt var í tvo tengivegi nú í ágúst sem voru illa farnir sem og viðgerð á klæðningu á þjóðveginum við Mývatn.

Sveitarstjórn lýsir jafnframt yfir miklum vonbrigðum með að Vegagerðin hyggst ekki þjónusta Hólasandsveg og Dettifossveg næsta vetur. Verður að teljast með ólíkindum að um leið og búið er að leggja bundið slitlag á Hólasandsveg skuli öll vetrarpjónusta skorin niður. Sveitarstjórn skorar á Vegagerðina að endurskoða þessa ákvörðun.

Þá hefur ferðapjónustan ítrekað kvartað yfir því að Dettifossvegur skuli ekki vera mokaður nema tvisvar sinnum á ári. Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til þjónustu allt árið um kring við Dettifossveg. Sú þjónusta verður enn mikilvægari þegar búið verður að klára veginn frá Dettifossi og að Ásbyrgi. Ekki verður við það unað að sá vegur verði ekki mokaður yfir vetrartímann, enda sú framkvæmd til þess gerð að tryggja og efla samgöngur um Norðurland allan ársins hring. Þá mótmælir sveitarstjórn því einnig að Víkurskarð verður ekkert þjónustað í vetur og tíminn verður stytur sem þjóðvegur 1 verður opin í vetrarfærð.”

Jarðböðin fari ekki í umhverfismat

Á fundi sveitarstjórnar var tekið fyrir erindi frá Skipulagsstofnun dags. 30. júlí 2019 þar sem óskað er eftir að Skútustaðahreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum bygging nýs þjónustu- og baðhúss fyrir Jarðböðin ásamt stækkun baðlóns skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 60/2000. Einnig er óskað eftir því að komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Sveitarstjórn tók undir bókun skipulagsnefndar, með fjórum atkvæðum en Halldór sat hjá, að umfjöllun í tilkynningarskýrslu er fullnægjandi. Þar er vel gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Þá er vísað til þess að sveitarfélagið hefur nýlega samþykkt deiliskipulag sem varðaði starfsemi á svæðinu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Með vísan til gagna málsins og með tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, þar sem fram koma viðmiðanir varðandi mögulega matsskyldu, staðfestir sveitarstjórn álit skipulagsnefndar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands og Skútustaðahrepps næstu fjóra miðvikudaga

Eins og síðustu tvö árin verður lagt upp með göngur á miðvikudögum í september nk. undir kjörorðinu

„Lifum og njótum“. Göngurnar hefjast kl. 18:00 alla miðvikudaga vítt og breitt um landið og er fyrsta gangan 4. september. Um er að ræða fjölskylduvænar göngur sem taka u.þ.b. 60-90 mín. Tilgangurinn með verkefninu er sem fyrr að hvetja fólk á öllum aldri til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði. Við leggjum áherslu á sömu þemu og í fyrra, þ.e. náttúru, vellíðan, sögu og vináttu.

Dagskrá í Skútustaðahreppi 2019:

4. september kl. 18.00

Gengið frá Birtingatjörn í Dimmuborgir. Mæting við Birtingatjörn (boðið upp á bílferð til baka). Umsjón: Dagbjört Bjarnadóttir.

11. september kl. 18.00

Gengið um Reykjahlíðarheiði. Mæting við flugstöðina. Umsjón: Helgi Héðinsson.

18. september kl. 18.00

Gengið í kringum Stakhólstjörn með nokkrum hliðarsnúningum og vel varðveittum leyndarmálum. Umsjón: Þorlákur Páll Jónsson.

25. september kl. 18.00

Gengið svokallaðan Fagraneshring. Mæting við Icelandairhótelíð. Umsjón: Jóhanna Jóhannesdóttir. *Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag.*



Í gær var unnið að malbikunarframkvæmdum við Fuglasafn Sigurgeirs. Verður aðkoman við þetta frábæra safn til fyrirmyndar.

Áfram boðið upp á ókeypis sundferðir á Laugar
Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað yfir ókeypis sundferðir sem sveitarfélagið bauð upp á einu sinni í mánuði á vorönn í sundlaugina á Laugum.

Alls voru farnar 5 ferðir, þeir sem nýttu sér rútuferðirnar voru samtals 46 manns. Heildarkostnaður við rútuferðirnar var 250.000 kr. Við bætist kostnaður að upphæð 125.000 kr. samkvæmt samkomulagi við Þingeyjarsveit á ársgrundvelli um aðgengi að sundlauginni. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að halda áfram að bjóða upp á ókeypis sundferðir í sundlaugina á Laugum einu sinni í mánuði fram að áramótum, enda rúmast það innan fjárheimildar ársins. Jafnframt er velferðar- og menningarmálanefnd falið að útfæra aksturinn í samræmi við reynslu vorannar og verður þetta nánar auglýst fljótlega.

Eldsneytissala verður færð af miðsvæði Reykjahlíðar – Auglýst eftir samstarfsaðila

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur ákveðið að eldsneytissala verði færð af miðsvæði Reykjahlíðar en fyrirhugað er að stofna lóð að Sniðilsvegi 3 fyrir starfsemina, í samræmi við samþykkt skipulagsnefndar og sveitarastjórnar. Fyrirhuguð lóð er 2144 ferm. og er innan athafnasvæðis í aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir að mannvirki s.s. dælur, tankar og lítið aðstöðuhús verði innan byggingarreitsins. Tilgangurinn með breytingunni er geymsla og sala eldsneytis verði flutt út fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár. Jafnframt býður flutningur á eldsneytisdælunni upp á markvissari og umfangsmeiri uppbyggingu miðsvæðisins í Reykjahlíð en ella. Miðað er við að íturstu mengunarvarnir verði viðhafðar með hliðsjón af viðkvæmu umhverfi þar sem aukna kröfur eru gerðar t.d. um fráveitu. Færsla starfseminnar á þennan fyrirhugaða reit er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Sveitarfélagið er jafnframt opið fyrir tillögum að öðrum staðsetningum fyrir eldsneytissölu utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, við þjóðveginn. Um þróunarverkefni yrði að ræða í samstarfi við sveitarfélagið. Verður þetta auglýst fljótlega.

Réttardagur á sunnudaginn

Hin árlega réttarsala verður við Hlíðarrétt sunnudaginn 1. sept.

Salan hefst kl. 9:30.

Vöfluhlaðborð, pylsur og fleira.

Komum og styðjum gott málefni.

Posi á staðnum.

Slysavarnadeildin Hringur sér um veitingarnar að venju eins og þeim

Einnig eigum við til sölu vesti sem eru tilvalin í göngurnar.

Hafið samband Sigga Jósa 865-2005



Takmörkun umferðar við Hveri, Leirhnjúk og Stóra-Víti framlengd

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur staðfest ósk Umhverfisstofnunar um framlengingu á takmörkun umferðar við þrjá vinsæla ferðamannastaði í Mývatnssveit. Staðirnir eru Hveri, Leirhnjúkur og Stóra-Víti, allir í landi Reykhlíðar.

Umhverfisstofnun takmarkaði umferð við þessa þrjá staði 2. ágúst sl. til tveggja vikna og skyldi ástand svæðisins svo endurmetið. Niðurstaða nýrrar athugunar er að svæðið er enn mjög blautt og í þannig ástandi að Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt vegna mikillar umferðar ferðamanna um svæðið að viðhalda takmörkunum til loka nóvember.

HRÓS DAGSINS...

Fær Mývetningur fyrir vel heppnað sumarnámskeið.

Nýtt viðburðardagatal Mývatnssveitar - Allir viðburðir auglýstir á einum stað

Skútustaðahreppur og Mývatnssstofa hafa hleypt af stokkunum [rafrænu viðburðardagatali](#) inni á heimasíðu beggja aðila. Tilgangurinn er að safna

saman á einn stað öllum viðburðum í Mývatnssveit. Tilgangurinn er að hafa yfirsýn yfir viðburðina á einum stað en það er svo ótrúlega mikið um að vera hér í sælunni í Mývatnssveit.

Um tilraunaverkefni er að ræða.

Þeir sem vilja fá aðgang að því að setja inn viðburði eru hvattir til að hafa samband við hreppsskrifstofu. Viðburðir mánaðarins verða svo jafnframt auglýstir í Húsöndinni.

Dagatalið er aðgengilegt á eftirfarandi heimasíðum:

www.visitmyvatn.is/is/dagatal

www.skutustadahreppur.is



Eftir langa bið eru framkvæmdir við strandblakvöll loksins hafnar í Reykhlíð í samstarfi við Íþrótt- og ungmennafélagið Mývetning. Mikill kraftur er í blakfólki í Mývatnssveit sem fagnar þessu og ætlar að aðstoða við verkefnið.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. vegna undirbúnings við myndum samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaga, forstöðumannafund, með fastanefndum eins og skipulagsnefnd og skóla- og félagsmálanefnd, með Landsvirkjun, stýrihópi vegna fjölmennningar, stjórn Samtaka orkusveitarfélaga, Landgræðslunni, lögreglustjóranum á Norðurlandi o.fl. svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri